

## Skýrsla stjórnar AFE á aðalfundi 2020.

Síðasti venjulegi aðalfundur AFE var haldinn á Siglufirði þann 6. júní 2019 en einnig var haldinn auka aðalfundur þann 18. nóvember 2019 í Dalvíkurbyggð.

Í stjórn sátu Katrín Sigurjónsdóttir, Dalvíkurbyggð, formaður, Hilda Jana Gísladóttir Akureyri, varaformaður, Valtýr Hreiðarsson Svalbarðsstrandarhreppi, Finnur Yngvi Kristinsson Eyjafjarðarsveit og Ásgeir Örn Blöndal Akureyri.

Á starfsárinu voru haldnir 12 stjórnarfundir, flestir á Akureyri en einnig fjarfundir.

Stjórnarformaður sat í stýrihópi um sameiningu AFE við AP og Eyþing. Í sameiningarvinnunni fóru stjórnarformaður og framkvæmdastjóri í heimsóknir til sveitarfélaganna í Eyjafirði og ræddu við forsvarsmenn um áherslur í sameiningarmálum. Á aukaaðalfundi AFE þann 18. nóvember var sameining félaganna samþykkt og stjórn AFE falið að vinna að slitum félagsins þegar ársreikningur AFE 2019 liggur fyrir.

Starfsmenn AFE voru þrír mestan part ársins ásamt einum starfsmanni sem félagið hýsti fyrir verkefnið brothættar byggðir. Starfsmannabreytingar voru þær að Helga María hætti störfum í febrúar 2019 og hóf störf hjá Eyþingi og í júní 2019 kom Elva til baka til starfa úr fæðingarorlofi. Samningur var undirritaður við SSNE um þjónustu og uppgjör á milli félaganna og lokauppgjör eigi síðar en 1. apríl 2020. Þar sem kjaramál og starfslýsingar í nýju félagi lágu ekki fyrir fyrr en upp úr miðjum mars var samningurinn framlengdur til 15. apríl, eftir þann tíma lá fyrir að tveir starfsmenn tækju störf hjá nýja félaginu. Framkvæmdastjóri mun ljúka störfum fyrir AFE á næstu dögum samkvæmt starfslokasamningi þar um sem kynntur hefur verið forsvarsmönnum aðildarsveitarfélaganna.

Tvisvar sinnum á vorinu 2020 hefur verið fundað með SSNE um áherslumál AFE í nýju félagi og var á báðum fundunum lögð mikil áhersla á að atvinnumál og nýsköpun myndu skipa veglegan sess og fá áherslu í nýja félaginu.

### Nokkur þeirra verkefna sem stjórn og starfsfólk félagsins unnu að á árinu:

Lengi var unnið að hugmynd um að setja upp kynnisferð sveitarstjórnarmanna í Eyjafirði til Noregs. Hugmyndin var að heimsækja rannsóknar- og eftirlitsstofnanir í fiskeldi, fræðast um flutning stofnana út um landið og flugvallarmál. Ferðin hefur ekki komist enn til framkvæmda en vert væri að halda henni opinni því málefnið eru fróðleg og til þess eins að auka þekkingu fyrir svæðið á þessum málefnum.

Fyrirhugað var að halda ráðstefnu um fiskeldismál með fókus á samfélagið og var stefnt á að halda hana í tengslum við haustfund AFE í september. Þetta var álitnið nauðsynlegt framhald af góðri og fjölmennri ráðstefnu um fiskeldismál sem AFE hélt í janúar 2019. Leitað var til RHA um samstarf varðandi framkvæmd en var álitnið að tími til stefnu væri of skammur. Enn hefur ekki verið blásið til þessarar ráðstefnu en stjórn AFE lítur hana mikilvægt skref í ákvarðanatöku varðandi fiskeldi í Eyjafirði.

Haustfundur AFE var haldinn á Akureyri þann 18. september og var vel mætt af hendi aðildarsveitarfélaganna. Jón Þorvaldur Heiðarsson kynnti skýrslu sem unnin var í samvinnu við RHA um eyfirska efnahagssvæðið. Eftir hádegi þann dag var haldið opið málþing í samstarfi við RHA um greiningu á menntunarþörf á Eyþingssvæðinu. Á haustfundinum var samþykkt ályktun þar sem fundurinn lýsti áhyggjum sínum af þeirri miklu töf sem varð á skilum Skipulagsstofnunar á áliti vegna Hólasandslínu 3 en 25 vikur liðu án þess að álit bærist, venjulegur afgreiðslutími á ekki að vera meiri en 4 vikur. Fréttastofa RÚV og fleiri gripu ályktunina glóðvolga og birtu í fréttum þann dag. Síðdegis barst svo símtal frá Skipulagsstofnun þess efnis að málið yrði afgreitt á allra næstu dögum sem varð svo raunin. Þarna sannaði sig vel samheldnin og samstaðan meðal sveitarfélaganna á svæðinu.

Fjallað var um málefni flugvallarins á Akureyri á mörgum stjórnarfundum og skoraði stjórn m.a. á stjórnvöld að tryggja fjármagn til að koma flugstöðinni og flughlaði í ásættanlegt horf. Einnig ítrekaði stjórnin mikilvægi reglubundins millilandaflug- um Akureyrarflugvöll. Þá vann Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson úttekt á rekstri og mannvirkjum Akureyrarflugvallar þar sem niðurstöður kölluðu á bráðar úrbætur. Því fagnar stjórn AFE að málið sé komið á uppbyggingaráætlun Ríkisstjórnarinnar.

Rafmagnsmál hafa í mörg ár verið fyrirferðamikil baráttumálefni í starfsemi AFE. Eftir óveðrið sem gekk yfir landið í desember ályktaði stjórn um öryggi íbúa og nauðsyn þess að styrkja flutningskerfi raforku. Starfsfólk okkar hefur haldið áfram að vinna að þessum málefnum á vettvangi sameinaðs félags, m.a. með söfnun mikilvægra upplýsinga fyrir skýrsluna Innviðir 2020 og eftirfylgni við hana.

Unnin var skýrsla um lóðir sem gætu hentað fyrir gagnaver eða annan hreinlegan iðnað í Eyjafirði með greiningu um hvaða starfsemi myndi mögulega henta hverju svæði fyrir sig.

Vífill Karlsson vann fyrirtækjakönnun fyrir landshlutana. Hann kom norður í júní og kynnti skýrsluna fyrir stjórn AFE og sveitarstjórnarfólki í Eyjafirði.

Áhersla hefur verið lögð á að þrýsta á stjórnvöld um flutning starfa og stofnana út um landið, m.a. annars með greinarskrifum í fjölmiðlum og viðtölum í sjónvarpi í kjölfarið. Þá lagði framkvæmdastjóri mikla vinnu í hugmyndir um að setja upp rannsóknarsetur eða tæknivettvang í matvælaíðnaði í samvinnu við Matís og hagsmunaaðila í Eyjafirði og er sú vinna að skila góðum árangri fyrir Eyjafjarðarsvæðið.

AFE er með þjónustusamning við Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar um ýmis verk fyrir nefndina svo sem ritun fundargerða, innheimtu, greiðsla reikninga o.fl. All mikil vinna hefur verið í gangi við svæðisskipulag Eyjafjarðarsvæðisins sem nú er að klárast.

#### Aðilar sem gegna trúnaðarstörfum fyrir AFE:

Framkvæmdastjóri situr í stjórnnum Aurora Observatory, Dysnes ehf og Vistorku fyrir hönd AFE. Einnig var framkvæmdastjóri tilnefndur í stjórn Legatssjóðs Jóns Sigurðssonar. Allir þrír starfsmenn AFE hafa setið í verkefnaráði Blöndulínu 3 sem og Hólasandslínu 3 og hefur starfsfólk AFE átt afar jákvæð og góð samskipti við Landsnet. Arnór Sigfússon var tilnefndur fyrir AFE í stjórn og verndaráætlun fyrir Friðland Svarfdæla. Snorri Finnlaugsson var tilnefndur af AFE í stjórn Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands.

Eins og kom fram fyrir í skýrslunni þá hefur stjórn fundað tvisvar með SSNE um áherslumál AFE í nýja félaginu og væntir þess að stjórn og starfsfólk þar muni fylgja vel eftir þeim áhersluverkefnum sem AFE hefur haft með höndum undanfarin ár.

Á eftir fer endurskoðandi félagsins yfir ársreikninginn 2019. Ársreikningurinn sýnir góða afkomu síðustu tvö rekstrarárin og vil ég þakka starfsfólki félagsins fyrir þeirra þátt í þessari góðu rekstrarniðurstöðu sem ber störfum þeirra gott vitni. Gróflega metið sýnist stjórn að félagið muni eiga fyrir skuldbindingum sínum við niðurlagningu félagsins en þess er vænst að hægt verði að slíta félaginu snemma árs 2021. Ég vil ég þakka meðstjórnendum mínum í stjórn AFE fyrir gott samstarf á árinu. Einnig öðrum sveitarstjórum í Eyjafirði en við þá höfum við haft þó nokkur samskipti vegna frágangsmála fyrir félagið síðustu vikur.

Að lokum við ég nota þetta tækifæri, fyrir hönd okkar allra, til að kveðja starfsmenn félagsins formlega og þakka þeim af heilum hug fyrir frábær störf í þágu AFE síðustu ár. Svona félag er starfsfólkið og starfsfólkið er félagið. Einnig óska ég þeim öllum velfarnaðar í nýjum störfum og hverju því sem þau munu taka sér fyrir hendur á komandi árum.

Katrín Sigurjónsdóttir  
Stjórnarformaður.